



Heimskringla.

XXXVI. AR

WINNIEG, MANITOBA, MIÐVÍKUDAGINN 20. APRIL, 1922

NÚMÉR 29

CANADA

Radio-stöðvar.

Dagblöðin "Free Press" og "Tribune" í þessum bæ eru að setja radio-áskýtaðvar í bygg- ingar sínar; eru það lofskeyttal- stöðvar. Hafa þær til þessa mest tíðkast á skipum á vötnunum hér, en eru nú að breyðast út um land- ið. Stöðvum þessum er þannig háttað að setja má þær í sam- band við hljóð hvar sem er ef það er ekki afar langt durtu. Það má setja þær í samband við ræðu- höld eða hlöðfærahljóð á fjarlæggi- andi stöðum eða bæjum. Þegar meiri hluti íbúðarhúsa hefir þær, þarf fjölskyldan ekki að fara út úr húsinu til þess að hlusta á skilt; jafnvel ekki í kirkjur. Það getur heyrt ræðurnar þó það sé heima hjá sér með þessu merkilega á- haldi. Eftaust fá mörg hús sína setja í samband við þessar stöðvar blaðanna og fá með því hlusta á ræður og söngva sefi fólk mundi annars fara á mið. Spurningin er þessi: verður ekki hætt að ganga í leikhús, kirkjur eða samkomur með þessu. Ef- laust notar eldra fólk sér þessi þægind; heima hjá sér, ef það hefir efni á því, en unga fólk og elskendur munu sennilega held- ur vilja ganga í leikhúsið, heldur en að hlusta á það sem þær fer fram hvort í sínu lagi heima hjá sér.

Sambandsþingið.

Þaðan bárust engar sérstakar fréttir síðastliðna viku. Ástæðan var sú að þingmennirnir eftir ein- höfðu erfiði undanfarið, tóku sér hvíld alla dimbilverkuna og fram á miðvikudag vikuna á eftir. Þeir eru sínir eigin húsbændur, karlam- ir og eru óhræddir að gera verk- fall eða að rétta sig upp frá verk- inu. Það stendur eitthvað öðru vísi á fyrir þeim en náma-mönnum í Nova Scotia. Laun þing- manna hefir enginn minnst á að lækka. Verfall þeirra stafar ekki af því. Heldur er ekki tal- að um að þau verði lækkuð, þótt þeir elái slöku við. Þessir menn vinna það allt upp seinna; réttir og sléttir verkamenn gera það al- drei.

Kolaværfallið í Nova Scotia

Kolaværfallið stendur þar enn þá yfir. Á sambandsþinginu var mikið rætt um það. Hélt Irvine þingm. frá Alberta mjög uppi vörn fyrir verkamenn; sömuleið- is Woodsworth frá Winnipeg. Síndu þeir fram á að ómögulegt hefði verið fyrir verkamenn að ganga að 32 1/2 centa kauplækku- um tímann; benti Irvine á að vinnulaun þessara manna í Nova Scotia væru 71% lægri en í Al- berta en samt væri framfærslu- kostnaður þar 17% dýrari en vestur frá. Crerar og Meighen voru einnig á því máli, að verka- laun náamanna væru ekki of há. Alit þingnefndarinnar, sem skip- uð var til að rannsaka málið, þótti óægilegt og var henni falið málið aftur.

\$250,000,000 lán.

Fielding fjármálaráðherra sam- bandsstjórnarinnar hefir þegar fengið vissu fyrir lántöku \$250- 000,000 að upphæð. Tekur lands- stjórnin þetta lán til þess að mæta einhverju af tekjuhalla landsins. Skilmálar láns þessa verða gerðir heyrin kynnrir í. má er ráðgjaf- ann slytur fjármálaræðu sína.

Trjáplöntunardagur.

Trjáplöntunardagur í Manitoba

hefir fylkisstjórnin lýst yfir að verði haldinn 8. maí n. k.

Dunning stjórnarformaður.

Hon. W. M. Martin stjórnar- formaður í Sask.-fylki hefir verið skipaður dómari í áfrimarrétti fylkisins. Í stað hans hefir Charles A. Dunning tekist á hendur stjórn- arformensakuna. Að undanteknum 3 ráðgjöfum, er ráðuneytið skip- að sömu mönnum og áður.

Skrásetning.

skrásetning fyrir næstu fylkis- kosningar er mælt að byrji úti í sveitum 8. maí n. k.; hvenær kosn- ingar verða, hefir enn ekki verið ákveðið en eftir að forseti- ráð- herra Norris og Hon. T. H. John- son eru komnir austan frá Ottawa, er sagt að það verði gefið til kynna.

Auður Norðvesturlandsins.

Með vorinu eru menn að búa sig mjög undir það að kanna ol- iufundinnar sem kváðu vera í Mc- Kenzie River dalnum. Einnig hef- ir vottur gulls fundist meðfram Nahanni ánni norður af British Columbia og eru menn að búa sig út í leit eftir því þar. Land þarna hefir ekki til þrautar verið kann- að en mjög víða er haldið að ó- tæmandi auðlindir séu þar í jörðu.

Verkfallið í Alberta

Kolaværfallið í Alberta heldur enn áfram. Þegar það hófst, var það ekki haldið neitt sérlega í- ékyggilegt. En verkfallsmönnum er ávallt að fjölgja og eru menn nú hræddir um að því nuni ekki fætti af eins lengi og kolavær- fallið í Bandaríkjunum helst.

BANDARÍKIN.

Stórvatnaskipaleiðin opnuð.

Fyrstuskipagöngur á árinu á stórvötnunum hófust frá Chica- go á laugardaginn var og voru það tvö skip sem ferd- u gas- olíu og öðrum olíum, er fara átti til Detroit, Mich.

Breyting innflutningslaganna

Frumvarp það er ákvarðaði framlenging 3% innflutnings- laga hefir gengið í gegn með nokkrum breytingum. Lögin eru framlengd til 1. júní 1924. Breyt- ingargrein sem sett var inn í að- el frumvarpið ákveður undanfær- andi verustað útlendinga í Can- ada, Mexico eða Cuba, fimn ár í stað eins árs sem áður var, fyr- en þeir fái þegnrettina innflutn- ingsleyfi til Bandaríkjanna. Við umræðurnar um frumvarp þetta var því haldið fram, að útlend- ingar mynduðu nýlendur í öllum þessum löndum, aðallega í Can- ada, með því augnamiði að vera þar aðeins eitt ár og flytja síðan inn til Bandaríkjanna.

Charlie Chaplin í vandræðum.

Charlie Chaplin hefir höfðað skadabótamál gegn manni sem tekið hefir gerfi hans og tekið að gera sig svo líkan honum að þeir eru óþekktanlegir að. Maður þessi hefir Charlie Amadier, en kallar sig Charlie Applin. Þegar Charlie Chaplin voru sýndar þrjár mynd- ir af þessari nýju eftirhermu sinni og hann spurður hvort þessar myndir væru af honum sjálfum eður ekki, brosti hann raunalega, hristi höfuðið og sagði: "Eg veit ekki hvort þær eru af mér eða hinum manningum; þær eru alveg eins og eg sjálfur." Að narra fólk og bjóða því það sem er óehta- eru sakir þær er Chaplin ber á andsetning sinn.

Tuttugu og þriggja ára mæð- kinn borgarstjóri.

Í bænum Fairport í Ohio-riku var fyrir skömmu síðan kosin fyr- ir borgarstjóra stúlka sem Amy Kaukonen heitir og er aðeins tuttugu og þriggja ára að aldri. Borg þessi hefir verið alræmd fyrir slark, óreglu og óleyfilega á- fengisverzlun, og hló skálfuriga í þeim sem fremstir stóðu við þessa ólöglegu atvinnu og dýpst voru sokknir í síðferðisspilling, þegar stúlka, svo að segja á barnsaldri var kosin í aðalstöðu löggjafarvalds borgarinnar. En þetta varði ekki lengi. Svo fljótt sem Miss Kaukonen var komin til valda lét hún greipar sópar og gerði það ómögulegt öllum lög- brjótum að haldast við í borginni og er nú Fairport alitinn að vera ein- af hreinasta og síðferðisbezt borg í Bandaríkjunum.

Ekkert ofbeldi fíðis

Dómsmálaráðherrann í Wash- ington, H. M. Daugherty, hefir látið þau boð út ganga að hann ljíði ekki að neitt ofbeldi verði sýnt gagnvart þeim sem að fram- leiðslu kola vinna á meðan á hinu stóra verkfalli stendur, sem útlit er fyrir að verði hafið bráð- lega.

Rosal Amundsen.

Norski heimskautafarinn frægi kapteinn Rosal Amundsen, býst við að leggja af stað frá Seattle þann 10. júní, n. k. í ferðalag sitt yfir ísbreiður norðurheimskauta- ins.

Afnám dandadoms.

Lögmannafélagið, sem sam- standur af öllum helstu dómurum og lögmönnum í ríkinu Illinois, sem inniheldur Chicago, hófuð- borg ríkisins, sem er með stærstu borgum heimans, hefir myndað nýjan félagsskap sem hefir það fyr- ir mark og mið að afnefna dauða- dómshegning.

"Bónus" til afturkominna her- manna.

Frumvarp það sem ákveður "Bónus" til afturkominna her- manna, gekk umræðulaust gegn- um neðri málefnum í Washing- ton, og voru greidd 333 atkvæði með en 70 á móti.

BRETLAND

Írland.

Síðustu fréttir þaðan herma að reynt hafi verið að taka Collins, stjórnarformann Fríríkisins írsku, af lífi á sunnudaginn var, Collins var á leið heim til sín eftir að hafa haft fund og slutt ræðu í Naas í Kildare County. Ræðust þá nokkrir menn á hann og fylgdar- menn hans með byssum og sprengikúlum. Var á móti þeim tekið og stóð þarna nokkra stund allharður bardagi. Lauk því svo að Collins menn höfðu betur og hinir flýðu. Náðist einn eða tveir af þeim og höfðu þeir nægtir skotfæra og sprengikúlur. Að um líf Collins hafi þarast ver- ið settið af Sinn Feinum, sézt á því, að skýttunum var helzt beint að honum.

Að öðru leyti batnar ástandið ekkert á Írlandi. Her beggja stjórnarflokkanna eða Fríríkis- stjórnafrinnar og Sinn Feina er stöðugt á verði og veður talvert uppi. Eyðileggja Sinn Feinar oft brýr og samgöngufæri og taka jafnvel smáþorp herskildi. Má þar því telja að egi sér stað borgara- stríð. (Civil War).

Ekki syndsamlegt.

Syndsamlegt segir prestur einn á Englandi að það sé ekki, að fólk sofa í kirkjum undir mes- sum. Hann bendir á að fólk sé þreytt eftir erfiði virku daganna og að margur eigi bág með að sitja kyr allan þann tíma sem messur fari fram án þessa að dotta. Og við því álitur hann að setti ekki að meinaast. En þegar menn fari að hrjóta svo hátt, að illa heyrist til prestsins, segir hann samt góða reglu að hnippa í hina sofandi.

Prinsinn af Wales í föloföður

Mikið er talað um það í ensk- um blöðum, að prinsinn af Wales muni opinbera trúlofun sína eftir að hann er kominn heim úr ferða- laginu til Indlands og Japan. Sú er haldið er að verði drotning ríkisríngjans, heitir Mary Cam- bridge, elsta dóttir markgreifans af Cambridge, en hann er bróðir Mariu drotningar. Eru þau prins- inn og hún, því systkinabörn. Lady Cambridge er fædd 1897.

ÖNNUR LÖND.

Genúa-fundurinn.

Eftir fréttum þaðan að dæma síðastliðna viku, virtist samkomu lagið ekki ætla að verða sem bezt á þessum fundi milli hinna smau fulltrúa. Að ræða málin sam- eiginlega eins og Lloyd George hafði lagt þau fyrir reyndist ekki þægilegt. Voru Frakkar einkum óþjálfir vörðveigir og garð Rússa. Vildu þegar demba því yfir Rússa að þeir segðu já eða nei við því að borga eða viðurkenna gamlar skuldir Rússlands. Það virtist ó- þarflega hörð krafa þar sem Rússar voru einmitt búnir að gefa í skyn, að þeir mundu sleppa öllu tilkalli til stríðsskadebóta, ef skuldir Rússlands féllu niður. En þegar Lloyd George sá hvernig komið var, tók hann til þeirra ráða að hafa fundi sjálfur með öllum þessum fulltrúum, sínum í hverju lagi. Komst hann með því móti að kröfum þeirra hvers um sig. Er nú afleiðingin af því sú, að fundurinn virðist ætla að bera mikinn og góðan árangur. Þjóð- verjar og Rússar hafa gert sam- inga sín á milli um að láta allar skuldir beggja landanna falla nið- ur og byrja aftur viðskifti eins og fyrir stríðið. Viðurkenna hvort annað og vinna í sátt og friði að öllum mögulegum framförum. Með samningi þessum eru allir fyrri ríkja samningar þeirra upp- hafnir, þar á meðal hinn nafn- frægi samningur í Brest-Litovsk. Er nú haldið að hinar Evrópuþjóð- inar fari að dæmi Þjóðverja og viðurkenni Rússland bæði stjór- narfæralega og að því er viðskifti snertir. Hvað næst verður uppi á teningi á fundi þessum er ekki gott að segja. En miklu meiri von- ni virðast menn gera sér nú en áður um þýðingu hans. Afvopnun- ar-málinu er mjög hreyft þar. Segja sumir, að í því efni verði að stíga einhver spor áður en lengra sé farið. Á móti því mæla fáir út- an Frakkar, Rússar og Norður- landafultrúarnir halda því mjög fram.

Yfirleitt virðist mesta kapp í mönnum að leggja þarna ein- hvern varanlegan grundvöll fyrir verulegum umbótum á ástandi Evrópuþjóðanna. VinnuHRDLU George að því nótt og nýtan dag. Kveður svo mikið að honum á fundinum, að blöðin eru farin að kalla hann "stjórnanda Evrópu".

Má, það víst til sannsvegar færa, að hann sé stjórnandi þessa fund- ar eða á maðurinn sem mest ber þar á og mest áhrif hefir.

Prinsinn af Wales í Japan.

Frá Tokió í Japan koma þær fréttir að gistiúsið sem prinsinn af Wales gisti á, sem þar er nú staðdur, hafi brunnið til kaldra kola síðastliðinn sunnudag. Einn maður misti lífið í brunanum. Þegar eldurinn kviknaði sat prinsinn að tetrykkju í veizlu sem honum var þar haldin. En hann og veizlu- gestirnir sluppu óskemdir út. Far- angur prinsins er þó sagt að mest allur hafi brunnið.

Veidum hætt.

Í Hollandi hefir fjöldi botn- vörpunga orðið að hætta fiski- veidum, vegna þess að þýzk skip selja þangað svo mikið af fiski. En við þá er ekki hægt að keppa vegna þess að þau selja fiskinn svo afar lágu verði. Utgerðar- menn í Hollandi kvarta sáran und- an þessu og hafa beðið stjórnina að skeraast í leikinn; segja ef ekki sé við því séð, horfi til atvinnu- leysis þar í landi fyrir fiskimenn.

Gull frá Rússlandi.

Banka- og aðrir kaupþýslu- menn hafa lengi verið þeirrar skoðunar að Rússland væri búit að senda allt það gull frá sér til annara landa, sem það gæti án verði. Þeir urðu því meira en lít- ill hissa, er þeir fréttu að síðan 11. jan. hefði Rússland sent um \$35,000,000 í gulli til Bandaríkj- anna og að gull er ennþá að streyma frá Rússlandi þangað. Síðan 6. apríl hefir gull verið sent tvisvar til Stockholms, og nemur hver sending \$10,000,000. Þetta sýnir að Rússland hefir ekki ekkert fé til þess að borga fyrir vörur frá öðrum löndum, og það var ekki ástæðan fyrir aðrar þjóðir, að selja því ekki vörur.

Meðan á misskilningnum stóð.

Nýlega fréttist að von væri fyr- ir að þýzkur sendiherra yrði send- ur til Bandaríkjanna. Í tilefni- af þeirri frétt, málaði dráttlistarmað- ur einn skopmynd af sendiherran- um, einum starfsmanni stjórnar- innar í Bandaríkjunum og fanga- húsinu í Chicago. Er Bandaríkja- maðurinn að sýna sendiherranum þessa nýju veröld sem hann er kominn í og útlíta allt fyrir hon- um. Um húsið á myndinni farast honum þannig orð við sendiherr- ann: Þetta er nú húsið sem strák- arnir voru settir í sem óhlýðnuð- ust þegar herna misskilningurinn varð á milli okkar.

Lætur kvenfólkið vinna.

Í Búlgaríu kvað kvenfólkið svo safnast í bæina, að til vandræða horfir með að halda heimilín úti í sveitum. Og ekki aðeins hnekkir þetta sveitalífínu heldur landbún- aðinum, því við hann verða menn óstöðugir ef heimilislaisur eru. Hafa nú verið samþykkt lög sem lúta að því, að neyða þessar bæj- ardróis til að vinna. Þar er bændastjórn í landi. Sveitakven- fólkið er sagt að hlakki til að sjá brúðurnar úr bæjunum í silkisokk unum ganga að sveitavinnu með sér.

Stjórnarformaður Stamboulski sagði í sambandi við þessi nýju lög fyrir skömmu: "Sveitakven- fólkið gengur að meira eða minna leyti að akuryrkju. Það spinnur ullina, vefur voðir og saumar fati að. Hvað gera borgar-frúrnar? Þær sofa fyrir part dagsins en

spásæra seinni partinn. Á kvöldin eru þær úti eða inni masandi, um gagnslausa hluti. Í þarfar landsins gera þær ekkert. Þær ala ekki einu sinni upp borgara þarflega þjóðfélaginu. Þær þurfa að venj- ast af iðjuleysinu og tildrúnu og verða nýtar í þjóðfélaginu."

Er Marx byggður?

Árið 1924 verður stjarnan Marx aðeins 35,000,000 mílur frá jörðu. Þessi fjarlægð er ekki nema steinsnar þorin saman við fjarlægðir í himingiminni og að eins fimtánda hvert ár er Marx svona nálægt jörðu; þegar hann er fjærst jörðu er hann 284,000,- 000 mílur í burtu. Það er ekki nema eðlilegt að stjórnufræðing- ar séu spentir fyrir þessu og séu að búa sig undir að rannsa þennan náðna jarðarinnar þegar hann ber svona í veiði. Að visu átti þetta sama sér. Apríl 1909. En síðan hafa fyrst og fremst líkir batn- að og svo hefir þjáðlausun- skeyta sendingum fleygt mjög á- fram síðan. Sem stendur eru menn fremur á þeirri skoðun að Marx sé ekki byggður mönnum. Halda menn að hann sé miklu eldri en jörðin. Hafa sumir sagt, að ef mannkyn væri á Marx hliti það að vera nálægt því er vér jarðarbjúr verðum að 10,000,- 000 árum líðnum. Einnig eru nokkrir þeirrar skoðunar, að and- gæmslottið sé þar of þunt eða létt til þess að verur sem anda geti lifað í því.

Konur fleiri.

A aldurskeiðinu frá 20 til 30 ára eru 7 konur á móti hverjum 6 karlmönnum á Frakklandi.

Framleiðslueyfir.

Bretland leggur 1,750,000 mönnum framleiðslueyfir til sem slösuðust eða meiddust í stríðinu.

Hár meðal-aldur.

Enskt blað gefið út í Manitoba segir að meðalaldur Íslendinga sé 61 ár og þykja þeir langlífir.

Lögreglu-konur.

Konur voru teknar í lögreglu- lið í Lundúnum á styrjaldarárun- um, en nú hefir verið ákveðið að leysa þær frá því starfi, með því að þær þykja nú ekki lengur nauð synlegar til að gegna því starfi.

W. J. Owens

eða "Doc" Owens, öðru nafni Aronóski, dó nýskæð af byltu í Havana á Cuba. Hann hafði sér það helzt til ágætis, að hann var alkunnur bragðarefur í spilum og gerði sér árum saman, að arvinnu að ferðast austur og vestur um Atlantshaf og spila við auðmenn. Féfletti hann þá gengdarlaust, með svikum og rangindum, og varð loks svo illræmdur, að öll helztu fólksflutningaskipin sýnj- uðu honum fars, árið 1906 og síðan. Talið var að hann hefði grætt 40 þúsundir sterlingspunda af miljónamæringnum Harry Thaw.

Þjargað frá hungurdaða.

Síðastliðið ár var 6 miljónum dala varið til þess að bjarga í- búum á Indlandi frá hungur- daða.

Ólöglegt.

Í Svíþjóð geta lækmar ekki að lögum kallað inn skuldir sínar. Lögmenn eru sömu lögum háðir í Belgíu.